

Þæfing utan um pappaspjald



Budda, gleraughulstur, farsímahulstur, barnavettlingar

Allt gert með sömu aðferðinni, skapalónið sem haft er inni í ullinni ræður stærð og lögun.

Kennsluleiðbeiningar

Verkefnið hentar fyrir 4.–8. bekk (gott aukaverkefni fyrir eldri nemendur)

Markmið

Að nemandi

- æfi fínhreyfingar
- þæfi ullarkembur og kynnist íslensku ullinni
- þjálfí sköpunarþáttinn
- noti útsaum til skreytingar
- geri sér grein fyrir mikilvægi á nýtingu ullarinnar fyrr á öldum.

(Aðalnámskrá grunnskóla. 1999:39–40)

Efni og áhöld

- Pappi úr mjólkur- eða safafernu (verður að vera húðaður).
- Grófur strigi.
- Ullarkembur í nokkrum litum.
- Bakkar.
- Sápa og volgt vatn.
- Handklæði og tuskur.
- Efni til skreytinga tvinni, útsaumsgarn, perlur, dúskar o.s.frv.

Kennari notar sýnikennslu til þess að sýna nemendum hvernig á að vinna verkefnið (ath. vinnulýsingu). Gott er að sitja við þæfinguna, hafa bakkann á lærunum og nota báðar hendur við þæfinguna. Einnig er gott að sýna nemendum hvernig er hægt að koma í veg fyrir að axlir þeirra verði stífar á meðan á þæfingunni stendur.

Það er mjög gott að raða borðunum þannig að nemendur sitji í hring og kennari geti gengið á milli inni í hringnum og aðstoðað nemendurna við þæfinguna. Hver nemandi fær einn bakka og geta tveir og tveir deilt íláti með sápuvatninu. Til þess að koma í veg fyrir að nemendur setji alltof mikla sápu í vatnið er betra að kennari sjái um að blanda saman vatni og sápu u.þ.b. 2 sprautur af sápu í vatnið.

Þegar búíð er að þæfa til fulls er verkefnið lagt til þerris, í næsta tíma er svo hægt að skreyta. Ef nemandi nær ekki að klára þæfinguna er í lagi að láta verkefnið bíða þangað til síðar og þá er það bara bleytt á ný þegar nemandinn kemur aftur. Ef miklir afgangar eru frá þæfingunni skoðið þá kaflann um afganga úr þæfðri ull.

Athugið!

Ullarkemburnar er hægt að fá í ýmsum litum í Álafossi (í Mosfellsbæ).
Bakkarnir eru til í flestum skólum (hvítu skúffurnar), annars er hægt að fá grunna bakka í Rúmfatalagernum eða Ikea.
Sápan getur verið allt frá handsápu til uppþvottasápu.

Kennsluáætlun

2 kennslustundir til þæfingar.
1(-2) kennslustund til skreytingar og útsaums.



Þæfing utan um pappaspjald

Budda, gleraugnahulstur, farsímahulstur, barnavettlingar

Allt gert með sömu aðferðinni, sniðið sem haft er inni í ullinni ræður löguninni.

Gott er að sitja, hafa bakkann á lærunum og nota báðar hendur við þæfinguna. Mikilvægt er að axlir séu ekki stífar.

Klipptu út plasthúðaða pappann eftir sniði. Gott er að nota pappa utan af mjólkur- eða drykkjarfernum.

Settu volgt vatn og u.þ.b. 3 sprautur af sápu í ílát.



Fyrst er skrautið sett á pappann. Það sem sett er innst verður utan á vettlingnum. Notið einungis þunnt lag af kembu. Því næst er valin kemba sem sett er utan um pappann. Gott er að dreifa úr henni þannig að þykktin sé jöfn. Það er gert með því að teygja úr henni milli handanna.



Kemban er síðan lögð utan um pappann og lokað.



Svo er önnur kemma lögð yfir þannig að samskeytin lokist.



Gott er að hafa bakkann á lærunum og aðra hendina í kjöltunni meðan verið er að þæfa. Kemban er bleytt og byrjað að nudda saman.

Gott er að kremja ullina að pappanum og nota gróft net eða stramma. Skiptist á að nudda lóðrétt og lárétt.



Takið stykkið úr netinu, bleytið meira og haldið áfram að nudda, gott er að kremja ullina að pappanum og halda svo áfram.



Þegar ullin virðist þétt, það er athugað með því að tosa í hana, ef ekki er hægt að teygja mikið á henni er hún skoluð upp úr köldu vatni og kreist inn í tusku.

Því næst er stykkið opnað með skærum þar sem við á.

Ef gera á lok t.d. ef verið er að búa til tösku er gott að opna hana u.þ.b. 1,5 cm frá brún.



Því næst er pappinn tekinn úr og stykkinu snúið við.

Gott er að þæfa sárið þar sem klippt er og nota sápu og vatn við það.

Fallegt er að skreyta stykkið með útsaumsgarni, ullargarni, perlum o.s.frv.